


Menntastefna Rangárþings eystra 2022-2032



Æskan er fjársjóður framtíðarinnar



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Leiðarljós og framtíðarsýn	3
Gæðamenntun fyrir alla.....	4
Mannauður og starfsumhverfi.....	5
Samstarf og nærsamfélag.....	5
Innleiðing	6



Inngangur

Menntastefna Rangárþings eystra er stefnumörkun um áherslur og vinnubrögð sem samfélagið hefur sammælt um að stefna að á komandi árum í starfi leik-, grunn- og tónlistarskóla og öðrum þeim er að menntun barna koma. Þessi menntastefna sem gildir til ársins 2032 tekur við af skólustefnu sem var sett fyrir árin 2015-2020.



Sammælt var um hugtakið *menntastefna*, í stað skólustefnu, þar sem stefnan nær yfir alla þá sem að menntun barnanna koma, bæði innan og utan veggja skólans.

Áhersla er lögð á skapandi, samþætt og samfellt skólastarf, og góð tengsl við nærsamfélagið hvað varðar útfærslu á leik, námi og kennslu. Rík áhersla er lögð á samstarf allra sem að hverju barni koma, til að búa því sem besta farsæld, þekkingu og færni.

Menntastefna Rangárþings eystra og framtíðarsýn sveitarfélagsins í menntamálum er lögð fram á grundvelli ríkjandi menntastefnu Íslands, hugmynda og rannsókna, tækniþróunar á 21. öldinni, undirbúningsvinnu sveitarfélagsins, og þeim hugmyndum samfélagsins sem birtust í samráðsferlinu.

Við endurskoðun stefnunnar var áhersla lögð á víðtækt samráð við starfsfólk, nemendur, foreldra og aðra íbúa sveitarfélagsins enda er það grundvöllur þess að sem mest sátt ríki um stefnuna. Haldinn var íbúafundur, rafræn könnun um ríkjandi framtíðarsýn var lögð fyrir á heimasíðu sveitarfélagsins, og starfsfólk, nemendur og foreldrar rýndu í gildandi stefnu og tækifæri til framtíðar.

Það er ánægjulegt að nú sé komin fram metnaðarfull endurskoðuð menntastefna til næstu tíu ára. Stefnunni fylgir innleiðingarátætlun og verður stefnan innleidd markvisst á næstu árum, með skýrum markmiðum, viðmiðum og aðgerðum. Árangur verður metinn reglulega með samvinnu alls skólasamfélagsins.

Stýrihópur um endurskoðun skólastefnu þakkar öllum sem lögðu sitt af mörkum við gerð menntastefnunnar kærlega fyrir.

Stýrihópurinn

Birna Sigurðardóttir, skólastjóri Hvolsskóla

Christiane L. Bahner, fulltrúi sveitarstjórnar

Hildur Hjaltadóttir, kennari Hvolsskóla

Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri og formaður fræðslunefndar

Páll Eggertsson, fulltrúi sveitarstjórnar

Rafn Bergsson, fulltrúi sveitarstjórnar

Sólbjört Sigríður Gestsdóttir, leikskólastjóri Leikskólans Arkar

Leiðarljós og framtíðarsýn

Æskan er fjársjóður framtíðarinnar - er leiðarljós menntastefnunnar. Skólar Rangárþings eystra eru framsæknir og einkennist skólastarf af virðingu, fagmennsku, samstarfi, kennsluháttum í fremstu röð og virkri skólaþróun.

Skólastarf skal stuðla að vellíðan, þrautseigju, gleði, hamingju og heilbrigðum lífsstíl og skulu nemendur hafa jöfn tækifæri til að rækta andlega og líkamlega heilsu sína.

Meginmarkmið skólastarfs:

- að mennta nemendur og veita þeim þjálfun í að afla sér þekkingar á skapandi og persónumiðaðan hátt.
- að halda nemendum forvitnum og opnum fyrir nýjum leiðum til náms og þroska.
- að efla þrautseigju nemenda í leik og námi.
- að stuðla að sjálfbærni og andlegri og líkamlegri heilsu.
- þekkingarleit með áherslu á nýsköpun og vaxtarhugarfar.
- að nemendur finni skýran tilgang og markmið með þeim viðfangsefnum sem unnið er að á persónumiðaðan hátt.



- að nemendur öðlist góða almenna þekkingu, sterka sjálfsmynd og færni í að tjá skoðanir sínar og virða skoðanir annarra.
- að stuðla að hæfni í gagnrýnni hugsun, samvinnu, lausnaleit og færni til að nýta og þróa hæfileika sína.
- að veita nemendum tækifæri og stuðning til þess að taka í stigvaxandi mæli ábyrgð á eigin námi og frammistöðu.

Það er hlutverk sveitarfélagsins að búa skólustarfi öruggt og heilnæmt starfsumhverfi til þess að framtíðarsýnin geti orðið að veruleika. Það er verkefni alls skólasamfélagsins að koma stefnunni í framkvæmd með áherslu á virðingu, uppbyggileg samskipti og lausnaleit.

Gæðamenntun fyrir alla

Menntastefnan, ásamt öllu skipulagi í leik, námi og starfi, skal taka mið af grunnþáttum menntunar (*læsi, sköpun, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindum, jafnrétti, heilbrigði og velferð*).

Skólar í Rangárþingi eystra skuli bjóða upp á gæðastarf og faglega kennslu í fremstu röð. Áhersla er lögð á persónumiðað nám þar sem komið er til móts við áhugasvið nemenda í leik og námi. Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar og skapandi. Áhersla er lögð á leik sem kennsluaðferð á öllum stigum enda er leikurinn leið barna til að rannsaka og uppgötva heiminn, þroskast og dafna. Námsmat skal meta hæfni nemenda á gagnsæjan og leiðbeinandi hátt og taka til mismunandi styrkleika og getu hvers og eins.



Skipulag skólustarfs skal taka mið af þörfum, getu og hæfni hvers og eins með áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð, samvinnu og sjálfstæði nemenda á stigvaxandi hátt. Nemendum skulu bjóðast krefjandi og skapandi verkefni með raunverulegum úrlausnarefnum í samstarfi við sveitarfélagið allt.

Áhersla er lögð á góða lestrarfærni og læsi í víðum skilningi sem miðar að því að nemendur geti lesið sér til gagns og gamans, allt eftir aldri, getu og

hæfni, og séu læsir á umhverfi sitt, enda veitir læsi hæfni til að skilja tilveruna og umhverfi sitt. Í flóknum stafrænum heimi þurfa nemendur að læra að nýta það mikla magn af upplýsingum sem þar er að finna á ábyrgan og gagnrýninn hátt.

Áhersla er lögð á vinnufrið og skapandi, fjölbreytt, öruggt og heilnæmt námsumhverfi sem er til þess fallið að nemendur geti notið skólagöngu sinnar.

Mannauður og starfsumhverfi

Lykilþáttur í skólastarfi er mannauðurinn. Skólarnir hafi ávallt á að skipa starfsfólki með góða menntun og reynslu sem styður við framkvæmd menntastefnunnar. Starfsfólk skal tileinka sér markvissa og skipulagða símenntun til þess að skólinn þróist eðlilega og í takti við samfélagið hverju sinni. Mikilvægt er að starfsfólk fái stuðning og tækifæri til þess.



Aðbúnaður og starfsumhverfi skal ávallt vera eins gott og kostur er og hafi velferð barna og starfsfólks að leiðarljósi. Mikilvægt er að starfsfólk hafi aðgang að sérfræðiráðgjöf vegna sértækra þarfa nemenda, snemmtækrar íhlutunar og ekki síður til að bæta gæði almenns náms og kennslu.

Samstarf og nærsamfélag

Samstarf milli skóla, íþróttafélaga og æskulýðsstarfsemi skal vera virkt og samfellt frá leikskóla að framhaldsskóla.

Skólastarfi á að vera sinnt í góðum tengslum við nærsamfélagið og skipulagt í samvinnu við íþrótt- og æskulýðsstarf og tryggja þar með að vinnudagur nemenda verði samfelldur.

Sveitarfélagið skartar fjölmennningarlegum blæ og skólastarf skal stuðla að því að fjölbreytileiki sé virtur og að nemendur og starfsfólk fái notið styrkleika þess bakgrunns sem þeir hafa á fordómalausán hátt.

Samstarf skóla og foreldra skal vera farsælt og uppbyggjandi. Foreldrar fá tækifæri til að styðja við skólagönguna með virkum hætti enda er menntun hvers barns samvinnuverkefni foreldra og skóla.



Innleiðing

Markviss innleiðing menntastefnu er lykillinn að því að ná fram settum markmiðum. Með reglubundnu innra mati og stöðugum umbótum má tryggja að skólasamfélagið allt geti fylgst með og stutt við hvernig gengur að uppfylla kröfur um gæða skólastarf samkvæmt stefnunni. Skólar skuli gera grein fyrir stöðu þeirra markmiða sem unnið er að í skýrslu um innra mat í júní ár hvert. Innleiðingaráætlun verður gerð til þriggja ára í senn og verður metin árlega. Ábyrgð á innleiðingu ber fræðslunefnd í umboði sveitarstjórnar.



Samþykkt í fræðslunefnd 6. apríl 2022
Samþykkt í sveitarstjórn 7. apríl 2022

Lilja Einarsdóttir

Lilja Einarsdóttir, sveitarstjóri